

**Fundargerð**  
**331. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,**  
**haldinn 19. október, 2016, kl 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fjarverandi  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

**Fundarritun annaðist:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá:**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. 50 ára afmæli félagsins 18. nóvember 2016
  - a. [Sjá fundargerðir](#)
4. Kjaramál
  - a. [Stofnanasamningur við LSH](#)
  - b. [Stofnanasamningur](#) við HVE
  - c. Aðrir stofnanasamningar
5. Fagháskólanám
  - a. [Vilja yfirlýsing um fagháskólanám](#)
6. Íbúðafélag BSRB og ASÍ
  - a. [Erindi BSRB vegna íbúðarfélags BSRB og ASÍ](#)
7. Niðurstaða trúnaðarmannaráðsfundur 13. október
  - a. [Ályktun Trúnaðarmannaráðs](#)
8. Kvennafrídagurinn
  - a. [Sjá auglýsing](#)
9. Erindi frá rekstaraðilum Alheimerskaffis
  - a. [Sjá erindi](#)

**Önnur mál**

## Dagskrá:

### 1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna og gerði grein fyrir að Kristín Ólafsdóttir (KÓ) kæmi ekki á fundinn, hún væri erlendis.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

### 3. 50 ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands, 18. nóvember 2016

KÁG fór yfir stöðuna varðandi afmælið, málþingið og hátíðarhöldin. Allt að verða klárt, búið er að hanna boðskortið, atburðir orðnir fast- og fullmótaðir. [Sjá fundargerðir](#) afmælisnefndar. KÁG sýndi boðskortið og drög að auglýsingu til sjúkraliða. Sigurlaug Hrafnkelsdóttir fulltrúi í afmælisnefndinni kom á fundinn og fór yfir helstu kostnaðarliði og dagskráratríði.

### 4. Kjaramál

- Stofnanasamningur við LSH fyrir árið 2016 er undirritaður og klár, [Stofnanasamningur við LSH](#) og samningurinn fyrir árið 2017 er klár, en er í lokavinnslu. Unnið er í samningnum fyrir árið 2018.
- Stofnanasamningurinn fyrir árið 2016 við HVE er klár, [Stofnanasamningur við HVE](#).
- Tillögur að uppfærslu stofnanasamninga á allar hinar stofnanirnar hafa verið sendar út og eru í skoðun og vinnslu.
- Unnið er í tillögum að uppfærslu stofnanasamninga á minni stofnanir sem ekki falla undir SFV og eru með sértæka stofnanasamninga.
- KÁG fór yfir niðurskurð sem er í gangi inni á Mörk. Ákveðið var að boða fund með sjúkraliðum sem fyrst.

### 5. Fagháskólanám

KÁG fór yfir að viljayfirlýsing um stofnun/rekstur fagháskóla hefði verið undirrituð í vikunni af fulltrúum Menntamálaráðuneytisins, BSRB og ASÍ, SA, BHM, o.fl. Markmið samstarfsins er að auka með kerfisbundnum hætti framboð á verk- og starfsnámi á háskólastigi í samræmi við þarfir atvinnulífs og samfélags alls. Að gera verk- og starfsnám raunverulegan valkost fyrir ungt fólk og að slíkt nám verði ekki síður eftirsóknarvert en bóknám. Jafnframt að gefa einstaklingum á vinnumarkaði færi á að auka hæfni sína og fá hana viðurkennda.

Sjá yfirlýsinguna hér [Vilja yfirlýsing um fagháskólanám](#)

### 6. Íbúðafélag BSRB og ASÍ

- Erindi hefur borist frá BSRB til SLFÍ vegna greiðslu grunnskostnaðar inn í íbúðafélagið. Sjá meðfylgjandi erindi [Erindi BSRB vegna íbúðarfélags BSRB og ASÍ](#) Ákveði var að vera með í stofnun íbúðarfélagsins.

## 7. EPSU ráðstefna í Brussel 10. – 11. janúar

KÁG fór yfir umhaldið um erlent samstarf sem verið hefur í höndum Jónu Jóhönnu. Fram kom að mikil vinna er á bakvið þetta sem eðlilegra væri að starfsmaður félagsins sinni. Ákveðið var að ræða við Sigurlaugu um að sinna þessu starfi.

Rætt var um ráðstefnu sem boðað er til í Brussel um öfluga opinbera starfsemi í samhengi við gæða mönnun, starfsöryggi, kjör o.fl.

Umræða var um hvort ekki sé nauðsynlegt að félagið sendi fulltrúa á ráðstefnuna. Ákveðið var að fylgjast vel með nánari upplýsingum sem eiga að berast fljótlega.

a. [Sjá erindi](#)

## 8. Niðurstæða trúnaðarmannaráðsfundur 13. október 2016

Fram kom að fundurinn hafi verið vel sóttur, gengið mjög vel og erindi gesta hafi verið áhugaverð og vakið upp miklar umræður og vangaveltur.

Ályktanir fundarins hafi verið sendar á alla fjölmiðla, sjá ályktanir [Ályktun Trúnaðarmannaráðs](#)

Rætt var um að boðun nefndarmanna hafi að einhverju leyti misfarist.

## 9. Kvænnafrídagurinn 24. október 2016

KÁG fór yfir að ákveðið hafi verið að taka hluta úr degi 24. október í niðurlagningu kvennastarfa, í ljósi þess að lítið sem ekkert hefur gengið að jafna launamun kynjanna á síðustu áratugum, þrátt fyrir miklar umræður og áskoranir þar um.

[Sjá auglýsingu](#)

## 10. Erindi frá rekstraraðilum Alzheimerskaffis

Ósk hefur borist frá sjúkraliða/um sem reka kaffihús fyrir alzheimerssjúklinga.

„Kaffihúsið“ hefur verið rekið með svipuðu sniði síðastliðin ár og gefið mjög góða raun og mikill áhugi er fyrir að reka það áfram. Öll vinna er ólaunuð sjálboðavinna. Ákveðið var að styrkja verkefnið um sömu upphæð og síðast.

### Önnur mál

- Rætt var um verkefnið „Stytting vinnuvikunnar“ hjá stofnunum ríkisins. Búið er að auglýsa eftir áhugasömum aðilum/vinnustöðum sem hafa hug á að taka þátt í verkefninu. Verkefnið á einnig að fara inn á vaktavinnustaði.
- KÁG fór yfir að á ýmsu hafi gengið við lokavinnslu prófarkar sögu félagsins, en hún væri nú komin í prentun.

Fundi slitið kl. 17.00